

Nd.

483. Breytingartillaga

við frv. tillaga um refaveiðar og refarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

6. gr. orðist þannig :

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast nm grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr., enda greiði sveitarfélagið eða sveitarfélögin allan kostnað við grenjavinnsluna.

Heimilt er þó ábúanda að taka þátt i grenjavinnslunni á þann hátt að bera helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaðnr greiðist þá af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum (fjallskilasjóði), ef fleiri en einn hreppnr eiga afrétt saman.

Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

Tilkynning ábúanda nm, að hann kjósi að taka þátt i grenjavinnslunni, skal vera skrifleg og afhent hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, eða fjallskilastjóra þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman, fyrir fyrsta sumardag áðnr en grenjavinnslan fer fram.